

Ed.

732. Nefndarálit

[6. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina að ábyrgjast allt að 2250000 króna lán til útgerðarmanna, er stunda síldveiðar á þessu sumri.

Frá fjárhagsnefnd.

Frv. þetta er staðfesting á bráðabirgðalögum, er ríkisstjórninni þótti nauðsynlegt að fá gefin út á s. l. sumri vegna aflabrests á síldveiðiflotanum, til tryggingar því, að skipin hættu ekki veiðum á miðri sildarvertíð. Var frv. útbýtt í Ed. þ. 11. okt. síðastl. og vísað til 2. umr. og fjárhagsnefnar þ. 17. s. m. Hefur það legið hjá nefndinni síðan af eftirfarandi ástæðum:

Þann 11. okt. s. l. var útbýtt í Nd. frv. til laga um breyting á lögum nr. 48 25. maí 1949, um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins. Er frv. það einnig staðfesting á bráðabirgðalögum, sem gefin voru út á s. l. sumri af sömu ástæðum og frv. það á þskj. 6, sem hér um ræðir. Var því vísað til 2. umr. og sjávarútvegsnefndar 16. okt. Þann 18. des. s. l. er gefið út nefndarálit og jafnframt útbýtt breytingartillögum, sem tryggja skyldu hlutatryggingasjóðnum auknar tekjur til þess, á þann hátt að mæta þeim greiðslum, sem fram höfðu farið úr sjóðnum á árinu, samkvæmt ákvæðum bráðabirgðalaganna. Það hefur ávallt verið einróma álit nefndarinnar, að afgreiðsla þessa frv. væri svo háð afgreiðslu og meðferð frumvarpsins á þskj. 2, að afgreiðslu þess úr nefnd í fyrri deild yrði að fresta, þar til endanlega yrði séð, hvernig frv. um hlutatryggingasjóðinn yrði afgreitt, og þess vegna hefur dregið að afgreiða mál þetta, svo sem raun ber vitni um. Þar sem frv. um hlutatryggingasjóðinn hefur nú fengið samþykki Nd. og ágreiningslaust verið sent til sjávarútvegsnefndar þessarar deildar, þykir sýnt, að það nái fram að ganga óbreytt, og því engin ástæða til að tefja þetta mál lengur í nefndinni.

Samkvæmt síðustu málsgr. 10. gr. laga nr. 48 25. maí 1949, um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins, má aldrei ganga nær sjóðnum en svo, að eftir standi stofnfé hans. Var lögð á það rík áherzla, þegar löggin voru til umræðu í þinginu, að einmitt þetta ákvæði næði fram að ganga og síðan virt í framkvæmd. Nú hefur þótt brýn nauðsyn bera til þess að gera undanþágu frá þessu ákvæði fyrir árið 1950. Skal það út af fyrir sig ekki gert hér að umræðuefni. Hitt er ljóst, að þótt nauðsynlegt hafi þótt að skerða stofnfé sjóðsins, þá er og rík nauðsyn til þess að afla sjóðnum tekna á ný, svo að stofnféð sé a. m. k. aftur fyrir hendi svo fljótt sem verða má. Í trausti þess, að ríkisstjórnin láti athuga þegar á þessu ári, á hvern hátt haganlegast verði að afla sjóðnum tekna til að mæta þeim greiðslum, sem hér hafa farið fram úr sjóðnum, samkvæmt ákvæðum bráðabirgðalaganna, mælir nefndin með því, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 24. febrúar 1951.

Bernh. Stefánsson, Gísli Jónsson, Karl Kristjánsson.
form. fundaskr., frsm.
Þorst. Þorsteinsson. Brynj. Bjarnason.